

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 306/2023

2024/EES/48/09

frá 8. desember 2023

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽¹⁾ var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007 frá 26. október 2007 ⁽²⁾.
- 2) Með reglugerð (EB) nr. 178/2002 var Matvælaöryggisstofnun Evrópu komið á fót sem ábyrgum áhættumatsaðila í Sambandinu í málum er varða öryggis matvæla og fæðurs. Aðlögunartextar við reglugerð (EB) nr. 178/2002 í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007 frá 26. október 2007 kveða á um fulla þátttöku EFTA-ríkjanna í vinnu stofnunarinnar án atkvæðisréttar.
- 3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1381 frá 20. júní 2019 um gagnsæi og sjálfbærni áhættumats ESB í matvælakeðjunni og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 1829/2003, (EB) nr. 1831/2003, (EB) nr. 2065/2003, (EB) nr. 1935/2004, (EB) nr. 1331/2008, (EB) nr. 1107/2009 og (ESB) 2015/2283 og tilskipun 2001/18/EB ⁽³⁾ var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 234/2021 frá 24. september 2021 ⁽⁴⁾.
- 4) Aðlögunartextar við innfellingu reglugerðar (EB) nr. 178/2002 í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 234/2021 frá 24. september 2021 kveða á um fullan þátttökurétt EFTA-ríkjanna og Eftirlitsstofnunar EFTA í stjórn stofnunarinnar án atkvæðisréttar.
- 5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1642/2003 frá 22. júlí 2003 ⁽⁵⁾ breytti reglugerð (EB) nr. 178/2002 með því að innihalda ákvæði sem láta reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1042/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ⁽⁶⁾ gilda um Matvælaöryggisstofnun Evrópu. Ákvörðun þessi ætti því að innihalda tilvísun til reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 til að láta þá reglugerð gilda um öll skjöl Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, einnig að því er varðar EFTA-ríkin.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fæður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fæður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 7) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 33.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 231, 6.9.2019, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2024/466, 22.2.2024 og EES-viðbætur nr. 17, 22.2.2024, bls. 12.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 4.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 13. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002) í hluta 7.1 í I. kafla:

- i) aðlögunartextar k) og l) eru endurtölusettir sem aðlögunartextar l) og m),
- ii) eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta j):

„k) Eftirfarandi er bætt við 1. mgr. 41. gr.:

„Við beitingu þessarar reglugerðar skal reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar einnig gilda um þau skjöl stofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.““

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 41. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002) í II. kafla:

- i) aðlögunartextar k) til p) eru endurtölusettir sem aðlögunartextar l) til q),
- ii) eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta j):

„k) Eftirfarandi er bætt við 1. mgr. 41. gr.:

„Við beitingu þessarar reglugerðar skal reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar einnig gilda um þau skjöl stofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.““

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 54zzzc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002) í XII. kafla II. viðauka:

- i) aðlögunartextar k) til p) eru endurtölusettir sem aðlögunartextar l) til q),
- ii) eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta j):

„k) Eftirfarandi er bætt við 1. mgr. 41. gr.:

„Við beitingu þessarar reglugerðar skal reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar einnig gilda um þau skjöl stofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.““

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður